

## XII. KAFLI

## Gildistaka.

199

23. n.óv.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-skipti, og gengur í gildi 1. janúar 1952, nema ákvæði II. kafla B 1 í a- og b-lið um lækkun frísamtalafjöldans og gjaldhækkun umframsímtala, sem ganga í gildi 1. júlí 1952. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur landsímans frá 21. apríl 1950.

*Póst- og símamálaráðherrann, 23. nóvember 1951.*

**Björn Ólafsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorbjargar Páls-  
dóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 21. nóv. 1951. 21. nóv.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Pálsdóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóð Þorbjargar Pálsdóttur og er stofnaður til minningar um Þorbjörgu Pálsdóttur, sem var fædd 6. apríl 1849, gift í fyrra sinn 1872 Jóni Hjartarsyni, presti á Gilsbakka. Hann lézt 1881. Síðari maður Þorbjargar var Páll Helgason. Bjuggu þau yfir 40 ár á Bjarnastöðum. Páll lézt 1924. Þorbjörg andaðist í Fljótstungu 1. júní 1951, og var jarðsett að Gilsbakka 11. s. m.

### 2. gr.

Stofn sjóðsins er eitt þúsund krónur, sem Jakob Guðmundsson á Húsafelli gaf til minningar um Þorbjörgu við jarðarför hennar. Við þá upphæð hafa börn Þorbjargar lagt fjögur þúsund eitt hundrað þrjátíu og sex krónur, er sveitungar og aðrir vinir Þorbjargar höfðu fært henni, er hún átti 100 ára afmæli.

Sjóðinn má auka með hvers konar gjöfum eða upphæðum, sem gefnar eru í sama tilgangi og tengdar við minningu hinnar látnu konu.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gamalmenni í Hvítársíðuhreppi, sem ekki njóta styrks úr hreppssjóði.

### 4. gr.

Sjóðurinn er undir umsjá hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps og ræður hún útlutun úr sjóðnum í hvert sinn og ber ábyrgð á varðveislu hans.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins smá aldrei skerða. Við hann leggjast allar gjafir, samkv. 2. gr., og  $\frac{2}{3}$  árlegra vaxta.  $\frac{1}{3}$  vaxta koma til árlegrar útlutunar samkv. 3. gr. Telji hreppsnefnd ekki ástæðu til útlutunar eitt ár eða fleiri, leggjast allir vextir við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn hefur vaxið að mun, getur hreppsnefndin, ef hún telur það heppilegt, hækkað útborgunarhlutfall vaxtanna.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.